



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um undantekningu frá akstursbanni um göngugötur (US200009).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. janúar 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Nú hafa ný umferðarlög tekið gildi. Meðal nýmæla er undantekning frá akstursbanni um göngugötur sem felur í sér að bílar merktir með stæðiskorti fyrir hreyfihamlaða og bílar sem sinna akstursþjónustu fatlaðra mega nú nýta sér göngugötur og mega jafnframt leggja þar í merkt stæði. Flokkur fólksins spyr hvort borgin sé ekki að öllu leyti að virða þessi lög nú þegar vika er liðin síðan þau tóku gildi og hvort til standi að opna lokaðar göngugötur fyrir þeim bílum sem hafa nú heimild til að aka þar?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 15. janúar 2020.

Svar við fyrirspurn:

Þann 1. janúar 2020 tóku gildi ný umferðarlög nr. 77/2019, sem meðal annars fólu í sér að hugtakið „göngugata“ var í fyrsta skipti skilgreint í umferðarlögum. Því miður láðist að svara þessari tilteknu fyrirspurn á þeim tíma en öðrum sambærilegum fyrirspurnum um akstur á göngugötum var svarað í framhaldinu.

Í dag er umferð um göngugötur stjórnað í samræmi við ákvæði umferðarlaga, á þann hátt að umferð vélknúinna ökutækja akstursþjónustu fatlaðra, handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga og handhafa göngugötukorta skv. 2. mgr. 10. gr. umferðarlaga er heimil um götuna eftir þörfum. Þá er er akstur vegna vöruafgreiðslu heimill á fyrir fram ákveðnum tímum.

Beðist er velvirðingar á að fyrirspurninni hafi ekki verið svarað fyrr.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*